

Reykjavík, 18. september 2018

SFS2018080155

144. fundur

HG/hl

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Varðandi tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um að sett verði á laggirnar nýtt sérskólaúrræði í Reykjavík

Á fundi borgarráðs þann 23. ágúst 2018 var svohljóðandi tillögu áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, sbr. 54. lið fundargerðar borgarráðs frá 16. ágúst 2018, ásamt greinargerð, vísað til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Lagt er til að fleiri sérskólaúrræði verði sett á laggirnar í Reykjavík enda er Klettaskóli sprunginn. Klettaskóli er eini sérskólinn í Reykjavík af sinni gerð en í honum stunda börn með sérþarfir vegna þroskahömlunar nám. Flokkur fólksins telur að fleiri slík úrræði þurfi enda mörg börn nú á biðlista sem Klettaskóli getur ekki tekið inn. Í sérskólaúrræði eins og Klettaskóla og öðrum sambærilegum skólaúrræðum er mikilvægt að inntökuskilyrðin séu með þeim hætti að hver umsókn sé metin í samvinnu við foreldra á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga um nemandann. Í þessum efnum eiga foreldrar ávallt að hafa val enda þekkja foreldrar börn sín best og vita þess vegna hvað hentar barni þeirra námslega og félagslega. Ekki má bíða lengur með að horfa til þessara mála og fjölga úrræðum. Það er réttur hvers barns að fá skólaúrræði við hæfi þar sem því líður vel, þar sem námsefni er við hæfi og þar sem félagslegum þörfum þess er mætt, þar sem það er meðal jafningja.

Í tillögu Flokks fólksins kemur fram að biðlisti barna sem óskað er eftir skólavist fyrir í Klettaskóla hafi myndast. Hið rétta er að öll börn sem sótt hefur verið um fyrir og hafa fallið undir inntökuviðmið skólans hafa hingað til fengið þar skólavist. Þau börn sem hafa fengið höfnun á skólavist á undanförunum árum hafa ekki uppfyllt inntökuviðmið skólans. Ekki er því um að ræða biðlista eftir skólavist í Klettaskóla.

Haustið 2013 tók til starfa fyrsti þátttökubekkur Klettaskóla sem er sérhæft námsúrræði undir stjórn Klettaskóla en með aðsetur í Árbæjarskóla. Stofnun þátttökubekkjarins voru viðbrögð við ábendingum starfsfólks skólanna og foreldra að þörf væri á fleiri og fjölbreyttari sérúrræðum fyrir nemendur með þroskahömlun. Þátttökubekkurinn var kynntur fyrir skólustjórum, skólaþjónustu og á heimasíðu Klettaskóla þegar hann var settur á stofn. Þó sömu inntökuviðmið hafa gilt fyrir þátttökubekkinn er nemendahópurinn þar með verulega vægari aðrar fatlanir en þroskahömlun en nemendur í skólanum sjálfum. Til stóð að bekkirnir yrðu

fjórir í borginni en þar sem eftirspurn eftir skólavist í þátttökubekk hefur verið lítil og laus pláss hafa verið í bekknum þar til nú í vetur hefur stofnun fleiri slíkra bekkja verið slegið á frest hingað til.

Varðandi nýtt sérskólaúrræði fyrir nemendur með þroskahamlanir þarf að skoða markvisst fyrir hvaða nemendahóp slíkt úrræði yrði og hver þörfin er að mati skóla, foreldra, samtaka s.s. Þroskahjálp, fagfólks og annarra sérhæfðra aðila á sviði náms- og skólagöngu fatlaðra barna. Einnig þarf að skoða hvernig slíkt sérúrræði yrði skipulagt og starfrækt í skólastarfi nútímans. Meðal annars þarf að skoða hvað fram kemur í fyrirbyggjandi rannsóknum á þessu sviði s.s. „Starfshættir í grunnskólum við upphaf 21. aldar“ frá 2014, rannsókn sem Gerður G. Óskarsdóttir ritstýrði en þar er starfsfólk, foreldrar og nemendur spurðir um ýmsa þætti sem varða skólagöngu þroskahamlaðra nemenda.

Spurningar varðandi sérúrræði sem leita þarf svara við eru m.a:

- Á sérskóli fyrir nemendur með þroskahömlun að vera fyrir alla nemendur sem hafa slíka greiningu eða er þörf fyrir sérstakan skóla sem sniðinn er að þörfum viðkvæmasta hópsins eins og nú er í Klettaskóla og annar skóli fyrir minna fötluð börn?
- Hve stór á sérskóli að vera, er um mismunandi stóra skóla að ræða fyrir nemendur með mismunandi fatlanir?
- Á sérúrræði fyrir nemendur með þroskahömlun, án alvarlegra viðbótarfatlana, að vera sérstakur skóli, sérskóli, sérdeild í almennum skóla, sérhæfð þjónusta í heimaskóla, sérhæfður almennur grunnskóli með áherslu á nám nemenda með þroskahamlanir eða annað?
- Hvernig aðstæður eru líklegar til að stuðla að framförum hjá nemendum með þroskahömlun náms-, félagslega og í almennum þroska? (s.s. örvandi málumhverfi)

Nú er í vinnslu ný menntastefna fyrir borgina til 2030. Þar er horft til framtíðar varðandi skóla og skólastarf. Í drögum að menntastefnunnar er sérstaklega lagt til að einfaldað verði allt stoðkerfi við börn með sérstakar þarfir með áherslu á að veita börnum þjónustu í nærumhverfi þeirra. Samþætt verði í eina heild skipan og verklag skólaþjónustu, sérkennslu og stuðnings. Lögð verði áhersla á snemmtæka íhlutun og markviss inngríp sem skila börnum framförum en dregið úr vægi greininga sem forsendu fjárveitinga. Á sama hátt þarf að líta til framtíðar varðandi sérskóla, sérúrræði og þjónustu við fötluð börn í skólakerfinu okkar. Úrræði fyrir þennan hóp barna þurfa að vera í samræmi við aðrar metnaðarfullar hugmyndir um skólastarf framtíðarinnar.